

Sp.

88. Tillaga til þingsályktunar

[80. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar friðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaprepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt í Ed. í fyrra, en varð þá eigi útrædd.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana, að kjarabætur til handa verkamönnum verði að heinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastrí aðstöðu til að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramállum landsmanna. Svo dæmi sé tekið, þá yrði það ófrankvæmanlegt eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa að öllu meðtöldu sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér kauphækkun samtímis því sem þeir úrskurðu að ekki væru efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun verkafólks.

Nú hafa verið gerðir kjarasamningar þar sem verkamönnum eru ætluð laun sem nema u. þ. b. helmingi framfærslukostnaðar vísitölufjölskyldunnar ef miðað er við 40 stunda vinnuviku. Má því ætla að þeir landsmenn, sem hafa tvöföld verkamanns-laun fyrir eðlilegan vinnutíma, hafi til hnífs og skeiðar. Þegar svo er ástatt hlýtur það að teljast með öllu ósæmilegt að greidd séu hærri laun. Óþarft er að dómi flutningsmanna að kveða sérstaklega á í greinargerð um sérstöðu hlutasjómannna í launakerfinu, en vafalaust er að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast til óhæfilega lágra launa miðað við vinnutíma.

Að frátöldum þeim rösku þrem árum, sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, má heita að stefnt hafi verið að því markvisst síðustu 17 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þróun þessi hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum